

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1984

Nr. 7

10

30. mars 1984

LÖG

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Í stað „7 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 36 000 kr.

2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilsfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 23%, af næstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32% en af tekjuskattsstofni yfir 340 000 kr. reiknast 45%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 500 kr.

4. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framferanda barnsins. Barnabætur skulu nema 6 000 kr. með fyrsta barni, en 9 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 12 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 6 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Þúi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 51% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

6. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 780 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,95%.

7. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 0,95% af eignarskattsstofni.

8. gr.

Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málslíður er orðist svo:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1984 vegna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21/1983, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

1. másl. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum svo og vextir af verðbréfum sem hlíðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum.

2. gr.

4. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Til hreinnar eignar félagsins í þessu sambandi telst þó ekki fjárfestingarsjóður, sbr. 11. tl. 31. gr.

3. gr.

Lokamásl. 2. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 65% af fjárfestingarsjóði, sbr. 11. tl. 31. gr.